Fimmtudaginn 10. mars 1994.

Nr. 471/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Baldri Reyni Haukssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar til endurskoðunar á refsiákvörðun, en af hálfu ákæruvalds var málinu áfrýjað með stefnu 7. október 1993 til þyngingar á refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Baldur Reynir Hauksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 16. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 417/93: Ákæruvaldið gegn Baldri Reyni Haukssyni, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. ágúst, á

hendur Baldri Reyni Haukssyni, Austurvegi 10, Grindavík, fæddum 16. janúar 1972, fæðingarnúmer 452, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 10. júlí 1993 brotist inn í Hárgreiðslustofuna Hárþing og Arkitektastofuna við Austurvöll, hvor tveggja til húsa í Pósthússtræti nr. 13 í Reykjavík, og stolið þar skiptimynt, vasareikni, hárskurðarvél og straumbreyti, sem hann hafði safnað saman í plastpoka er lögregla kom að honum á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað að hann hafi gerst sekur um það brot, sem honum er að sök gefið í ákæru og þar er réttilega heimfært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna ölvunar við akstur á árunum 1990-1991. Þá hefur hann hlotið 3 refsidóma, þann fyrsta árið 1990, 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár vegna þjófnaðar, annan í febrúar 1991, 1 mánaðar fangelsi vegna þjófnaðar og nytjastuldar, og þann þriðja 20. janúar 1992, 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár vegna þjófnaðar.

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 20. janúar 1992. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og þau brot, sem hér eru til meðferðar. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Reynir Hauksson, sæti 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.